



Dú ert hér: Forsíða / Fréttir / Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Leita

Nýjustu fréttir

Frétt

Fyrsta sæðistaka úr Angus-nautunum á Stóra-Ármóti

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

Heildareinkunn verður breytt í kynbótamati nautgriparæktarinnar

Angus-nautin á Stóra-Ármóti farin að gefa sæði

Þrjú ný reynd naut til notkunar

Sandur 07014 er undan Hræsingi 98046

Leiðrétting á ætterni Skjás 10090 og Hróks 15023

Leiðrétt faðemi Orms 17003

Síðustu fjögur nautin úr árgangi 2017

Dýralæknir óskast til starfa

Fyrstu naut úr 2018 árgangi í dreifingu

09/08/2019

Nú eru fyrstu naut úr 2018 árgangi nauta að koma til dreifingar og í þessu fyrsta holti eru synir Úranusar 10081 áberandi. Þau 9 naut sem koma til dreifingar á næstu vikum eru; Humall 18001 frá Birtingaholti 4 í Hrunamannahr. undan Úranusi 10081 og Randaflugu 1035, sonardóttur Kastala 07020, Sonur 18002 frá Syðri-Bægisá í Öxnadal undan Úranusi 10081 og Systu 500 Baldadóttur 06010, Bófi 18003 frá Birtingaholti 1 í Hrunamannahr. undan Úranusi 10081 og 1852 Kamsbdóttur 06022, Græðir 18004 frá Espihóli í Eyjafirði undan Úlla 10089 og 968 Húnadóttur 07041, Sjóli 18006 frá Ingjaldsstöðum í Þingeyjarsveit undan Lúðri 10067 og Flekku 301 Úlladóttur 10089, Breki 18008 frá Kotlaugum í Hrunamannahr. undan Dropa 10077 og Millu 578 Dynjandadóttur 06024, Mjöður 18009 frá Smjördölum í Flóa undan Úranusi 10081 og Rene 539 Boltadóttur 09021, Grettir 18011 frá Steinholti í Eystrihrepp undan Úranusi 10081 og Slaufu 703 Úlladóttur 10089 og Heikir 18014 frá Skálpastöðum í Lundarreykjadal undan Lúðri 10067 og Slummu 1263 Kamsbdóttur 06022.



Þessi naut eru ekki komin í dreifingu en við næstu sæðisútsendingar og áfyllingar hjá frjótæknum eru þau væntanleg í kútana. Að venju er að finna pdf-skjöl hér á vefnum til útrentunar kjósi menn svo.

/gj

PDF af þessari síðu

Líkar þetta 34 kunna að meta þetta. [Nýskráðu þig](#) til að sjá hvað vinir þínir kunna að meta.

